

Reykholahreppur  
Maríutröð 5a  
380 Reykholahreppur

Stykkishólmi 27. maí 2025

### **Efni: Bátalægi við Grónes**

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn vegna bátalægis á Grónesi í Reykholahreppi. Nefndin hefur kynnt sér málið og telur að það þurfi að fara í opinbert skipulagsferli þar sem öllum lögbundnum umsagnaraðilum verði gefinn kostur á að veita formlega umsögn. Breiðafjarðarnefnd lítur ekki á skipulagstillöguna sem hluta af vegaf framkvæmdinni og telur því að afla þurfi sérstaks framkvæmdaleyfis fyrir verkefnið. Umrætt mannvirki tengist ekki Vestfjarðarvegi og hefur ekki verið teiknað upp sem hluti af framkvæmdum í greinargerð með framkvæmdaleyfi frá 2020.<sup>1</sup>

Mikilvægt er að taka fram að við gerð skipulagsáætlana á verndarsvæði Breiðafjarðar ber að gæta verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð 2014-2019.<sup>2</sup>

Breiðafjarðarnefnd telur einnig að skipulagstillöguna skorti m.a. nánari upplýsingar um umfang framkvæmdarinnar, mögulegt rask á fjöru og minjum og hvaða skipulagsreglur gilda á svæðinu til að geta tekið afstöðu til hennar. Mikilvægt er að tillagan fari í almennt skipulagsferli og verði send til umsagnar viðeigandi stofnanna, þar á meðal Skipulagsstofnun, Náttúruverndarstofnun, Náttúrufræðistofnun og Minjastofnun.

Breiðafjarðarnefnd undirstrikar að tillagan þurfi að fara í skipulagsferli þar sem gætt er að öllum þáttum málsins. Framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðarveg á svæðinu felur ekki í sér sjálfkrafa heimild fyrir bátalægi við Grónes. Skipulagstillagan er á svæði sem er verndað samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.<sup>3</sup>

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

<sup>1</sup> Reykholahreppur. (Febrúar 2020). *Greinargerð Reykholahrepps með framkvæmdaleyfi*. [Hlekkur](#)

<sup>2</sup> Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019. [Hlekkur](#)

<sup>3</sup> Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>